

131. löggjafarþing 2004 – 2005.
Þskj. 792 – 523. mál.

Fyrirspurn

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um húsnæðismál Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Frá Láru Margréti Ragnarsdóttur.

Virðulegi forseti.

Háttvirtur þingmaður, Lára Margrét Ragnarsdóttir, hefur beint til mín sex spurningum um húsnæðismál Landspítala - háskólasjúkrahúss.

Spurt er:

Hvers vegna var vinna við deiliskipulag Landspítala - háskólasjúkrahúss við Hringbraut ekki boðin út á almennum markaði, en sjálfhönnunin boðin út í samkeppni?

Nú stendur yfir opið forval á allt að sjö vinnuhópum, sem taka munu þátt í samkeppni um skipulag svæðisins. Forvalið var boðið út á almennum markaði, m.a. á Evrópska efnahagssvæðinu, Bandaríkjunum og Kanada, auk Íslands. Ekkert hefur verið ákveðið með hönnun mannvirkja enda liggur ákvörðun um hönnun eða byggingar ekki endanlega fyrir.

Spurt er um *hvers vegna heildarskipulagningu LSH hafi ekki verið lokið áður en ráðist var í byggingu barnspítala, eins og ráðgjafafyrirtækið Ementor lagði til?*

Ráðgjafafyrirtækið Ementor skilaði skýrslu sinni til Landspítala í október 2001, en bygging barnspítala var þá mjög langt komin og var spítalinn opnaður formlega í janúar árið 2003. Í skýrslu ráðgjafafyrirtækisins, sem er á heimasíðu Landspítala - háskólasjúkrahúss, er því ekki vikið að nauðsyn heildarskipulags áður en ráðist er í byggingu barnspítala. Bygging barnspítala var að sjálfsögðu í samræmi við heildarskipulagningu svæðisins eins og það var þegar ákvörðun um þá byggingu var tekin. Byggingin fellur vel að áformum um frekari uppbyggingu á svæðinu.

Í þriðja lagi er spurt:

Tengist skýrsla breska ráðgjafafyrirtækisins Weeks frá 1970, sem byggð var á spám um þróun höfuðborgarsvæðisins um og fyrir þann tíma, ákvörðun um fyrirhugaða nýbyggingu LSH við Hringbraut?

Tengsl þessarar 35 ára gömlu skýrslu við ákvörðun um byggingu LSH við Hringbraut eru óbein, en skýrslan bendir til að þá þegar hafi áhugi á staðsetningu háskólasjúkrahúss verið bundin við sama svæði og nú hefur verið valið til uppbyggingar. Einn liður í undirbúningsvinnu nefndar þeirrar er gerði tillögur til mín um staðarval fyrir LSH í janúar 2002, var að skoða tillögur Weeks og þá samninga, sem gerðir voru í tengslum við Weeks áætlun.

Fjórða spurning:

Hefur verið gerður samanburður á sparnaði og skilvirkni þjónustu í Fossvogi og við Hringbraut í áætlunum um nýbyggingar?

Í áætlunum um nýbyggingar hefur ekki verið gerður slíkur samanburður, en úttekt Ríkisendurskoðunar á kostum sameiningar þessara spítala liggur fyrir og horft hefur verið til hennar við skipulagsvinnuna.

Fimmta spurning:

Er áætlað að taka nýbygginguna við Hringbraut í notkun í áföngum eða í heild, og hvenær er það áætlað?

Í skýrslu nefndar um uppbyggingu Landspítala - háskólasjúkrahúss sem gefin var út í apríl 2004 eru annars vegar gerð grein fyrir tímaáætlun framkvæmdanna við nýjan Landspítala og hins vegar tímaáætlun fyrir forathugun þessa verkefnis. Er ánægjulegt að geta þess að tímaáætlun fyrir forathugun stenst og með ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 18. janúar sl. um að heimila áframhaldandi vinnu við undirbúninginn var tryggt, að sú áætlun raskist ekki.

Tímaáætlun framkvæmda er einnig kynnt í þessari skýrslu og þar kemur í ljós að gert er ráð fyrir að fyrsta áfanga ljúki árið 2011 en fjórða og síðasta áfanga verði lokið milli 2018 og 2020. Að sjálfsögðu ræður fjármögnun mestu um hvenær tekst að taka sjúkrahúsið í notkun, en ljóst er, að hagkvæmni næst með því að hraða þessu verkefni.

Sjötta spurning:

Hefur verið metin hagkvæmni staðsetningar sjúkrahúss við Hringbraut eða á öðrum lóðum sem taldar eru nær miðju höfuðborgarsvæðisins?

Hagkvæmni staðsetningarinnar var metin af nefnd sem skilaði heilbrigðisráðherra tillögum sínum í janúar 2002, og kynntar hafa verið opinberlega. Í störfum þeirrar nefndar voru skoðaðir ýmsir möguleikar til staðsetningar sjúkrahússins, niðurstaðan lá fyrir í janúar 2002 og hefur verið unnið á grundvelli hennar síðan.

Virðulegi forseti.

Ég hef nú svarað þingmanninum eftir því sem kostur er á stuttum tíma. Málið verður áfram unnið með þeim hætti að kynna jafnóðum þá áfanga sem nást og ákvarðanir um næstu skref. Næst mun val þeirra hópa sem gefst kostur á að taka þátt í skipulagsvinnu verða gert opinbert. Þá stefnir nefnd um uppbyggingu LSH að því að skila mér þriðju áfangaskýrslu sinni nú í vor.

(Talað orð gildir)